



Tómsstunda og menningarmálanefnd Skagastrandar

FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 4. nóvember 2010, kl 17.00 var fundur haldinn í tómsstunda- og menningarmálanefnd Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins. Á fundinn voru mætt: Jón Ólafur Sigurjónsson, Kristín Leifsdóttir, Elva Dröfn Árnadóttir, Sigríður Björk Sveinsdóttir, Sigurður Sigurðarson og Magnús B. Jónsson.

Jón Ólafur Sigurjónsson formaður setti fundinn.

1. Uppgjör vegna Kántrýdaga 2010.

Fyrir fundinum lá yfirlit um kostnað vegna Kántrýdaga 2010. Annarsvegar uppgjörslað sem S.S. hafði gert og hinsvegar útskrift úr bókhaldi sveitarfélagsins. Einnig lá fyrir erindi Fannars Viggóssonar um að leiga vegna dansleiks í Fellsborg verði niðurfelld og litið á hana sem styrk. Nefndarmenn fóru yfir fyrirbyggjandi gögn og samþykktu erindi Fannars en gerðu ekki athugasemdir við uppgjörin.

Umræður urðu um hvernig kántrýdagar hafi tekist og taldi nefndin flest hafi vel til tekist. Rætt var um hvort og hvernig skuli stefnt á hátíð 2011. Nefndin var sammála um að halda kántrýdaga og halda svipuðu formi á þeim og undanfarin ár.

2. Menningarráð Norðurlands vestra.

Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi Nl. vestra mætti á fundinn og kynnti tilurð, hlutverk og starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og menningarsamning sem er grunnurinn að starfseminni.

Hann greindi frá hvernig styrkjum hafi verið háttað og hvaða áherslur séu í menningarsamningi og kynnti möguleika á menningarstyrkjum á vettvangi norræns samstarfs.

3. Önnur mál.

Umræður urðu um hvort og hvernig væri hægt að koma á menningar- eða skemmtiatburðum um jól eða áramót.

Samþykkt að halda næsta fund fimmtudaginn 25. nóvember 2010

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 18.50

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Elva Dröfn Árnadóttir,

Sigurður Sigurðarson

Kristín Leifsdóttir,

Sigríður Björk Sveinsdóttir,

Magnús B. Jónsson